

Ferð mín til Norrköping í Svíþjóð 30.september til 6.október.

## Almennar upplýsingar um borgina Norrköping og IFK Norrköping.

Í Norrköping búa c.a. 131.000 þúsund . og liggur borgin c.a 150.km. Suð- austur frá Stokkhólm, við ströndina. All mörg knattspyrnulið eru í Norrköping en stærst þeirra er IFK Norrköping og þar var einmitt för minni heitið þessa vikuna. IFK er eitt sögu frægasta félag Svíþjóðar og hafa þeir unnið Allsvenskan 12.sinnum og bikar 6.sinnum frá 1943. Með liðinu hafa í gegnum tíðina spilað margir góðir leikmenn. Þeirra sögu frægastur er Gunnar Nordahl. Gömul Kempa ef einhverjir kannast við. Nokkrir Íslenskir leikmenn hafa leikið þar á síðustu 15.árum Birkir Kristinsson, Þórður Þórðarson,Stefán Þ Þórðarson, Gunnar Þ Gunnarsson og núna er Gunnar Þorvaldsson að spila með þeim .IFK hefur yfir glæsilegum velli að ráða sem tekur um 17.000.manns. IFK er með 15 Barna og unglingslið sem og U-21 lið, mfl karla og mfl. kvenna. Barna og unglingsstarfið hjá þeim er talið vera mjög gott á sænskan mælikvarða. Þess ber að geta að IFK er búið að selja á síðustu 2.árum 4. unga leikmenn meðal annars til Arsenal og Fulham.

### Almennt um ferðina.

Á móti mér tók Tony Martinsson og var hann minn tengiliður allan tímann,hann hefur unnið hjá klúbbnum í nokkur ár. Tony hefur meðal annars verið í þjálfarateymi IFK undanfarinn ár en hans starf í dag er að fylgjast með ungum leikmönnum jafnt í svíþjóð sem annars staðar í Skandinavíu sem gætu í framtíðinni orðið leikmenn hjá þeim, einnig kemur hann að öðrum hlutum hjá félaginu. Hann sagði mér meðal annars að þegar þeir eru að leita sér að ungum leikmönnum þá fyrst leita þeir leikmanna í svíþjóð,næst Noregur síðan Ísland og Finnland, síðast leita þeir til Danmerkur.

Á mánudeginum hitti ég Tony um 14:00 og leiddi hann mig allt í kringum völlinn og inn um allt. Þegar við komum inn á völl þá eru þar á æfingu mfl.karla sem er kannski ekki frásögum færandi nema að það er leikur hjá þeim um kvöldið kl:19:00. Þá segir hann mér það að mfl.karla æfir alltaf á leikdag 5.tímum fyrir leik eru þeir mættir út á völl og hreifa sig aðeins,spila reit,fara yfir föst leikatriði og liðka sig aðeins. Mjög áhugavert .

Ég sá nokkrar æfingar hjá yngri liðunum. Það sem er gaman að segja frá er að ég er ekki í neinum vafa um að á Íslandi er verið að vinna frábært starf með yngri flokka 5 – 16 ára, og þar erum við framar frændum okkar en þegar kemur að U-16- U-19 þá erum við að dragast aftur úr. Þetta lið er með svipað staff í kringum unglingsliðið og er í kringum mfl.liðið. Þjálfari, 1-3 Aðstoðarþjálfarar,markmannsþj,sjúkraþj.á hverri æfingu, þarna er eitthvað sem við á Íslandi getum og erum að ég best veit að bæta okkur jafnt og þétt.

Einnig eru þeir hjá IFK farnir að kaupa/fá til sín leikmenn inn í unglingsliðið hjá sér 15 – 17. ára stráka. Þannig að þeir eru með mjög sterk unglingslið sem sínir sig best í árangri unglingsliðana hjá þeim undan farinn ár.

Þá átti ágætis spjall við nokkra aðila hjá klúbbnum um hitt og þetta sem tengist auðvitað fótbolta.

Að lokum vil ég þakka KSÍ kærlega fyrir styrkinn í ferðina.

Takk fyrir mig . kv.Þórður Þórðarson Yfirþjálfari Knattspyrnufélags ÍA.